

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 20.03. 2026

Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 08:15-09:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir, Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir, Hafdís Sigurðardóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Kristín Garðarsdóttir, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir og Sigríður Harpa Hannesdóttir.

Dagskrá:

1. Umfjöllun um skóladagatal 2026-2027

Skólaráð staðfesti umfjöllun um skóladagatal 2026-2027 með undirskrift sinni. Fram kom að undirbúningsdagar utan starfstíma skóla, skólasetning, skólaslit, vetrarfrí, jólafrí og 3 sameiginlegir starfsdagar (grunn- og leikskóli) á skólaárinu eru miðlægir í Hafnarfirði. Þeir tveir skipulagsdagar sem eru eftir eru sameiginlegir með Hraunvallaleikskóla. Annað er hefðbundið.

2. Skólapúlsinn

Skólastjóri fór yfir nýjust mælingar í nemendapúlsi í 6-10. bekk. Tölur eru almennt á leiðinni upp og margt jákvætt að mælast hjá okkur.

3. Foreldrasamstarf

Framundan eru Hvatningarverðlaun foreldraráðs Hafnarfjarðar. Þá gefst tækifæri til að tilnefna eldhuga og verkefni sem tengjast foreldrastarfi í Hraunvallaskóla. Það á eftir að tímasetja bekkjartenglafund sem halda á að vori. Skólastjóri mun koma með tillögu að dagsetningu. Aðalfundur foreldrafélagsins er 7. maí. Búið er að ákveða að Vorhátíð foreldrafélagsins verði framvegis að hausti og nafnið á hátíðinni breytist samhliða.

4. Næsta skólaár

Undirbúningur fyrir næsta skólaár er hafinn. Verið er að auglýsa eftir starfsfólki og huga að skipulagsvinnu sem fylgir verkefninu.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland skólastjóri